



Starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022



Efnisyfirlit

Framkvæmdastjóri	3
Hag- og upplýsingasvið	5
Kjarasvið	7
Lögfræði- og velferðarsvið	9
Rekstrar- og útgáfusvið	12
Þróunar- og alþjóðasvið	14

Framkvæmdastjóri

Meginmarkmið

Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi þess sé á hverjum tíma hagað í samræmi við ákvæði samþykktu sambandsins og annarra mikilvægra samfélagslegra gilda.

Helstu verkefni:

- Að styrkja hlutverk sambandsins að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, lögbundinna verkefna og á öðrum sviðum í takti við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- Að stunda góða og heiðarlega starfshætti og skilvirk og vönduð vinnubrögð.
- Undirbúa stjórnarfundi og framfylgja samþykktum stjórnar sambandsins og undirbúa árlega fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins.
- Vinna með og aðstoða formann sambandsins við að sinna hlutverki sínu.
- Taka þátt ársfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og öðrum fundum stofnana sem tengjast verkefnum sveitarfélaga og flytja erindi um málefni sveitarfélaga og sambandsins eftir þörfum.
- Funda með þeim fastanefndum Alþingis sem fjalla um mál er tengjast sveitarfélögum og kynna starf sambandsins, stefnumörkun þess og sveitarstjórnarstigið almennt.
- Undirbúa og framfylgja samkomulagi sambandsins og viðkomandi ráðuneyta um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Taka þátt í og tryggja skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar.
- Koma að mótun markmiða og kjarasamningsstefnu sambandsins og taka þátt í kjaramálasamstarfi sveitarfélaga og ríkis.
- Vinna að eflingu sóknaráætlana og byggðamála.

Áhersluatriði framkvæmdastjóra 2022

Áhersluatriði framkvæmdastjóra		Verkefni hefst:			
		1.ársf	2.ársf	3.ársf	4.ársf
Áhersluatriði framkvæmdastjóra	Fylgja eftir verkefnum sem eru í nýjum stjórnarsáttmála og lúta að hagsmunum sveitarfélaga.	x			
	Undirbúa landsþing sambandsins haustið 2022.	x			
	Leiða stefnumótunavinnu vegna undirbúnings stefnumörkunar sambandsins fyrir árin 2022-2026.	x			
	Undirbúa og vinna með kjörnefnd vegna kosningar formanns og mótun tillögu að öðrum stjórnarmönnum sem afgreidd verður á landsþingi sambandsins haustið 2022.		x		
	Vinna með tekjustofnanefnd og undirnefndum hennar vegna endurskoðunar á tekjustofnum sveitarfélaga og endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.	x			
	Halda áfram vinnu við þróun og gerð sviðsmyndalíkans um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og tekjulíkans í samvinnu við Analytica.	x			
	Formgera samstarf ríkis og sveitarfélaga um skipulagða heilsueflingu fyrir eldra fólk og tryggja fjármögnun með það að markmiði að auka lífsgæði og bæta heilsu á grundvelli fyrirbyggjandi aðgerðaáætlunar.		x		
	Vinna að því að afnema skyldu sveitarfélaga til úthlutunar á lóðum til ríkisins án endurgjalds.		x		
	Vinna að því að afnema skyldu sveitarfélaga til að taka þátt í stofnkostnaði hjúkrunarheimila og framhaldsskóla.		x		
	Styðja fulltrúa sambandsins í samningaviðræðum um hækkun daggjalda ríkisins til hjúkrunarheimila.	x			
	Vinna að greiningu á námsframboði fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga og starfsmenn og þörf fyrir aukið framboð.	x			
	Styðja við stafræna umbreytingu hjá sambandinu og sveitarfélögum og tryggja góða samvinnu við ríki og borg.	x			
	Stuðla að aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil og hert eftirlit með svartri atvinnustarfsemi.	x			
	Taka þátt í að móta skýrt vinnuferli og framsetningarmáta kostnaðarmats laga.		x		
	Styrkja enn frekar en nú er samstarf sambandsins við HMS, Byggðastofnun og Byggingavettvanginn.	x			
	Vinna að samræmingu reglna um arðgreiðslur til eigenda veitna.		x		
	Halda fund framkvæmdastjóra norrænna sveitarfélagasambanda á Íslandi.			x	
	Taka upp viðræður við ríkisvaldið um aðkomu að fjármögnun leikskólastigsins, sérstaklega vegna vistunar 12 mánaða barna.				
Bæta innra og ytra starf sambandsins í samræmi við þjónustukannanir og vinnustaðagreiningar.	x				

Hag- og upplýsingasvið

Megin markmið

Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er öflun, úrvinnsla, miðlun og greining á hagrænum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga til notkunar við samanburð milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

Helstu verkefni:

- Samantekt og samræming upplýsinga um fjármál og rekstur sveitarfélaga, m.a. úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- Upplýsingamiðlun um fjármál og rekstur sveitarfélaga á heimasíðu sambandsins.
- Áætlanir um líklegar staðgreiðslutekjur sveitarfélaga á komandi fjárhagsári.
- Eftirlit með uppgjöri og skilum á mánaðarlegri staðgreiðslu útsvara til sveitarfélaga
- Ráðgjöf til sveitarfélaga m.a. um forsendur og annað er viðkemur fjárhagsáætlanagerð.
- Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og almenna fræðsla um rekstur og fjármál sveitarfélaga.
- Undirbúningur funda Þjóðhagsráðs.
- Framkvæmdastjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.
- Úttekt á fjárhagsstöðu hafna fyrir Hafnasamband Íslands.



Áhersluatriði hag- og upplýsingasviðs 2022

Áhersluatriði hag- og upplýsingasviðs		Verkefni hefst:			
		1. ársf	2. ársf	3. ársf	4. ársf
Áhersluatriði hag- og upplýsingasviðs	Öflun samtímagagna um fjármál sveitarfélaga				
	Endurskoða ársfjórðungsgögn í upplýsingaveitu sveitarfélaga í samráði við samstarfsaðila og kanna gæði þeirra.	x			
	Koma upp og viðhalda gagnalóni til að vista upplýsingar um félagsþjónustu, fræðslumál og launamál beint frá sveitarfélögum í samstarfi við kjarasvið.	x			
	Efna til samráðs við sveitarfélög um greiningu á mælikvörðum um rekstur.	x			
	Efna til kynninga fyrir sveitarfélög á bókhaldslyklum í reglugerð fyrir fræðslumál og félagsþjónustu.		x		
	Taka upp samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti, hagstofu og jöfnunarsjóð um öflun og vistun gagna um fræðslumál.	x			
	Fræðsla og umræður um rekstur og fjármál sveitarfélaga				
	Próa sveitarfélagaskólann áfram.	x			
	Undirbúa aðgengilegt og notendavænt fræðslufni um rekstur og fjármál sveitarfélaga á stafrænu formi.	x			
	Styrkja tengslanet um rekstur og fjármál sveitarfélaga.	x			
Efna til reglulegra umræðu- og fræðslufunda með sveitarfélögum um rekstur og fjármál sveitarfélaga.	x				
Endurskoða uppsetningu dagskrár og fyrirkomulag fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.		x			
Aukin áhersla á stuðning við sveitarfélög við fjármálastjórn					
Próa verkfæri fyrir fjárhagsáætlunargerð. Vinna áfram með Analytica að gerð veflíkans um tekjur sveitarfélaga, þ.m.t. jöfnunarsjóð og sviðsmyndir.	x				
Próa áfram upplýsingagjöf um forsendur fjárhagsáætlana.			x		
Kanna sérstaklega rekstur leikskóla með gerð fyrirmyndarlíkans ("best practice") í huga.	x				
Vinna áfram að þróun sviðsmyndarlíkans um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga í samstarfi við Analytica.	x				
Önnur mál					
Vinna að styrkingu á tekjustofnum sveitarfélaga í tekjustofnanefnd.	x				
Greina kostnað ríkisins vegna innheimtu útsvars og vinna að endurmati á innheimtupóknun.	x				
Vinna að stefnumótun í málefnum aldraðs fólks.	x				
Samningagerð um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila í samvinnu við SFV.	x				
Ljúka endurskoðun ákvæða laga um fjármál sveitarfélaga.	x				
Kanna kjör sveitarstjórnarmanna.		x			
Farsældarmál kerfi til að safna upplýsingum	x				
Samstarf við stafræna teymið	x				

Útgáfa og miðlun	1. ársf	2. ársf	3. ársf	4. ársf
Endurskoðun á framsetningu um rekstur og fjármál á heimasíðu.	x			
Endurskoðun á lykiltölum í Bl.	x			



Kjarasvið

Meginmarkmið

Kjarasvið hefur það meginhlutverk að upplýsa og leiðbeina sveitarfélögum á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála. Kjarasvið annast kjarasamningagerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til þess og veitir stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, ráðgjöf og aðstoð við túlkun og framkvæmd allra kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjarasvið annast samskipti og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins í málefnum er varða íslenskan vinnumarkað.

Helstu verkefni:

- Sérfræðiráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun með sérstakri áherslu á upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra, stjórnenda stofnana og launafulltrúa.
- Undirbúningur kjarastefnu og samningsmarkmiða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kostnaðarmat kjarasamninga.
- Gerð gagnagrunna, kjararannsóknna og kostnaðargreininga.
- Þátttaka í samstarfsnefndum kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Úrvinnsla bókana með kjarasamningum.
- Seta í stjórnnum starfsmenntunarsjóða stéttarfélaga.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.
- Samvinna við Reykjavíkurborg um rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFS og Verkefnastofu starfsmats.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Norrænt samstarf um kjaramál, vinnurétt og kjaramál kennara.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.

Lögfræði- og velferðarsvið

Meginmarkmið

Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig veita lögfræðingar og aðrir sérfræðingar sviðsins stoðþjónustu fyrir önnur svið og samstarfsstofnanir sambandsins jafnframt því að veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í stefnumótun um starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga.
- Gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti og standa vörð um sjálfsstjórnarrétt þeirra.
- Stuðla að því að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.
- Þátttaka í fjölmörgum nefndum og starfshópum er varða hagsmuni sveitarfélaga ásamt samskiptum við fulltrúa sambandsins í nefndum og ráðum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Vinna að framkvæmd lögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin.
- Gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga.
- Umsjón með störfum fræðslumálanefndar og skólateymis sambandsins.
- Umsjón með starfi félagsþjónustunefndar og félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Umsjón með starfi Námsleyfasjóðs, Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og Námsgagnasjóðs
- Seta í stjórn Sprotasjóðs, Vonarsjóðs FG og SÍ.
- Seta í stjórn Úrvinnslusjóðs.
- Seta í verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar um loftslagsmál.
- Þátttaka í samráðsnefnd um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga (Grábókarnefnd).
- Umsjón með samstarfsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmiðin.
- Umsjón með verkefnisstjórn um úrgangsmál.
- Umsjón með samráðshópi persónuverndarfulltrúa.
- Utanumhald um sérfræðingahóp og fræðsla um innkaupamál sveitarfélaga.

Áhersluatriði 2022

	Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs		Verkefni hefst:			
	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.		
Almenn verkefni						
Samstarf við Ríkiskaup um þróun þjónustu við sveitarfélög.	x					
Stoðþjónusta við stafrænt teymi og þátttaka í þróunarverkefnum.	x					
Innleiðing mannvirkjagáttar.	x					
Sveitarfélagaskólinn.	x					
Einföldun löggjafar með hliðsjón af OECD skýrslu og áherslum í húsnæðismálum.	x					
Menningarstefna - tillaga til þingsályktunar.			x			
Endurskoðun sveitarstjórnarlaga.	x					
Sameining Innheimtustofnunar og Tryggingastofnunar.	x					
Samstarf við Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn um grisjunarheimildir.		x				
Viðræður um afnám skyldu sveitarfélaga til að afhenda lóðir án endurgjalds.	x					
Greining á sameiginlegu eignarhaldi ríkis og sveitarfélaga á fasteignum.	x					
Þátttaka í gerð reglna um framkvæmd sameiningarkosninga.						
Airbnb						
Innleiðing laga um kosningar, aðkoma að gerð reglugerða, reglna og leiðbeiningar um framkvæmd.	x					
Fræðslumál						
Samstarf um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	x					
Innleiðing menntastefnu til 2030, samstarf og forgangsröðun aðgerða.	x					
Próa áfram faglegt samstarf við Menntamálastofnun og menntamálaráðuneyti.	x					
Koma á reglulegum fundum með mennta- og barnamálaráðherra	x					
Áframhald samstarfs um aukna nýliðun kennara.		x				
Samstarf um mótun lágmarksviðmiða um inntak skólaþjónustu.		x				
Koma á aukinni samhæfingu og samstarfi um fyrirkomulag og fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda.	x					
Stuðla að auknu samstarfi sveitarfélaga um skipulag skólaþjónustu.	x					
Rýni á tillögur starfshóps um framtíðarfyrirkomulag talmeinaþjónustu	x					
Þátttaka í endurskoðun tiltekinna kafla aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla.	x					
Samstarf um mótun og innleiðingu stefnumótunarlíkans um fjármögnun skóla fyrir alla.	x					
Samstarf um bætt náms- og félagslegt umhverfi barna sem hafa íslensku sem annað tungumál.		x				
Vinna áfram að aukinni viðurkenningu verk-, tækni-, iðn- og listnáms í skóla- og frístundastarfi - GERT.	x					
Þátttaka í að auka útbreiðslu og þróun stafrænna möguleika í kennslu og námsgagnaútgáfu.		x				
Frekari vinna við styrkingu leikskólastigsins, m.a. mögulegar reglugerðabreytingar.	x					
Skoða framtíðarfyrirkomulag við umsýslu sjóða á sviði fræðslumála.		x				

Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs	Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs	Verkefni hefst:			
	Félagsþjónusta- og húsnæðismál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.
	Þátttaka í innleiðingu laga um samþætta farsældarþjónustu í þágu barna.	x			
	Þátttaka í gerð frv. til nýrra laga um öryggisgæslu og öryggisvistun.	x			
	Samstarf um innleiðingu breytinga á barnaverndarlögum, sem varða stækkun barnaverndarumdæma og stofnun umdæmisráða.	x			
	Þátttaka í mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.	x			
	Þátttaka í endurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.	x			
	Aðkoma að mótun tillagna um fjármögnun og fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda				
	Rýni á hlutverk Grábókarnefndar og mögulegar leiðir til að ná meiri árangri í fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu.		x		
	Aðkoma að endurskoðun og frekari þróun fyrirkomulagi og fjármögnun samræmdrar móttöku flóttafólks				
	Samstarf við Norrænu velferðarmiðstöðina um innleiðingu velferðartækni.	x			
	Áframhaldandi þróun samstarfs við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um uppbyggingu félagslegs húsnæðis.		x		
	Aðkoma að verkefnum á sviði öldrunarmála, m.a. viðræðum um fjármögnun hjúkrunarheimila og aðgerðum sem snúa að lýðheilsu.	x			
	Þátttaka í stefnumörkun um framtíð öldrunarþjónustu			x	



Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs	Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs		Verkefni hefst:			
	Umhverfis- og skipulagsmál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
	Pátttaka í endurskoðun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.	x				
	Pátttaka í móttun og innleiðingu aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum.	x				
	Aðstoð við sveitarfélög við gerð loftslagsstefnu.	x				
	Aðstoð við sveitarfélög við innleiðingu Hringrásarhagkerfis.	x				
	Aðstoð við gerð svæðisáætlana í úrgangsmálum.	x				
	Innleiðing aukinnar framleiðendaábyrgðar í úrgangsmálum.	x				
	Vinna við gerð og kynningu Handbókar fyrir sveitarfélög um úrgangsméðhöndlun.	x				
	Innleiðing Borgaðu þegar þú hendir aðferðafræði við úrgangsstjórnun.	x				
	Samstarf um framkvæmd útboða á úrgangsméðhöndlun.	x				
	Pátttaka í verkefni um sorpokustöð.	x				
	Gerð handbókar um skipulag og hönnun m.t.t. úrgangsméðhöndlunar í þéttbýli.		x			
	Áframhaldandi pátttaka að vegvísinum Byggjum grænni framtíð.		x			
	Innleiðing samræmdra merkinga fyrir flokkun og skil úrgangs.	x				
	Vinna áfram að bættri úrgangstölfraði.	x				
	Pátttaka í stefnumótun (grænbók) um brunavarnir og vinna að úrbótum í málefnum slökkviliða.		x			
	Samstarf við Ríkiskaup um kaup á slökkvibifreiðum.	x				
	Pátttaka í samráðshópi um fráveitumál og endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp.	x				
	Próun samstarfs við innviðaráðuneyti, m.a. um stefnu um skipulagsmál og landnýtingu.		x			
	Pátttaka í endurskoðun rammaáætlunar.		x			
	Móttun þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.			x		

Rekstrar- og útgáfusvið

Meginmarkmið

Meginhlutverk sviðsins er að sinna stoðþjónustu við yfirstjórn og önnur svið sambandsins, annast mannauðsmál og rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. vefsíðu, Sveitarstjórnarmál og Tíðindi.

Helstu verkefni:

- Að bæta nýtingu fjármuna sambandsins.
- Að gæta þess að fjárhagsáætlun ársins sé fylgt eða breytingar á henni samþykktar.
- Að ljúka gerð reikningsskila og ársreiknings sem fyrst eftir hver áramót.
- Að huga vel að þeim mannauði sem sambandið býr yfir og tryggja að sambandið sé fjölskylduvænn og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Að gæta þess að upplýsingar, útgefið efni og vefsíða sambandsins mæti þörfum og væntingum markhópa.



Áhersluatriði rekstrar- og útgáfusviðs 2022

Áhersluatriði rekstrar- og útgáfusviðs		Verkefni hefst:			
Rekstur	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
Innleiða nýtt bókhaldskerfi og vinnubrögð tengd því	X				
Vinna sameiginlega í því að hagræða í rekstri sambandsins með loftslagsmál að leiðarljósi	X				
Innleiða Teams í samskipti og vinnu sviðsins	X				
Endurskoða stefnu og aðgerðaáætlun sambandsins um samfélagsábyrgð			X		
Innri málefni	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
Fara í breytingar á húsnæðinu og innleiða verkefnaþing vinnuumhverfi	X				
Framkvæma reglulegar vinnustaðamælingar	X				
Endurhanna móttökuna samhliða breytingum á húsnæðinu	X				
Efla hádegisakademíu sambandsins	X				
Fara í frekari flokkun á sorpi			X		
Fylgja eftir verkefnum tengdum heilsueflandi vinnustað	X				
Efla símenntun starfsfólks og útbúa skýrar verklagsreglur.		X			
Útgáfu- og kynningarmál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
Gefa út tvö tímarit af Sveitarstjórnarmálum	X		X		
Ræða og taka ákvörðun um framtíð Sveitarstjórnarmála				X	
Nýta myndbönd meira í kynningarmálum		X			
Þróa Tíðindin áfram samhliða aukinni myndbandsgerð		X			
Leggja áherslu á að uppfæra www.samband.is	X				
Leggja sérstaka áherslu á að kynna Sveitarfélagaskólann vel fyrir sveitarfélögunum	X				
Auka hlut samfélagsmiðla í kynningarmálum sambandsins	X				
Móta stefnu í fræðslumálum sambandsins	X				
Skjalavarsla	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
Skoða hvort og hvaða skjöl verða send í geymslu til varðveislu.	X				
Tilkynna rafræn gagnasöfn sambandsins og Lánasjóðsins til Þjóðskjalasafns	X				
Fara yfir, skrá og pakka óvirkum skjölum	X				
Skjalavistunaráætlun	X				
Grisja eldri bókhaldsskjöl		X			
Pakka sýnishornum fylgiskjala bókhalds frá tilteknu tímabili		X			

Próunar- og alþjóðasvið

Meginmarkmið

Próunar- og alþjóðasvið hefur það meginhlutverk að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega í lýðræðismálum, byggða- og atvinnuþróunarmálum, mannréttinda- og jafnréttismálum og stafrænum málum. Sviðið hefur umsjón með erlendum samskiptum sambandsins og gætir hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í EES-samstarfinu og gagnvart ESB og miðlar upplýsingum um þau mál. Einnig stuðlar það að því að sveitarstjórnarmenn verði hæfari til að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi.

Helstu verkefni:

- Að sveitarfélög séu upplýst um nýjungar í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra og erlendra sveitarfélaga og nýti sér tækifæri til framþróunar og nýsköpunar.
- Að sveitarstjórnarmenn eigi kost á fræðslu sem er sniðin að þörfum þeirra.
- Að sveitarfélög séu upplýst um tækifæri sín og skyldur samkvæmt EES-samningnum.
- Að tekið sé tillit til sjónarmiða íslenskra sveitarfélaga á vettvangi EES og ESB.



Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs 2022

	Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs		Verkefni hefst:			
			1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.
Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs	Nýsköpunar- og þróunarmál					
	Áframhaldandi stuðningur við innleiðingu heimsmarkmiðanna meðal sveitarfélaga. Jöfnunarsjóðsstuðningsverkefni mun ljúka fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor en þörf er á áframhaldandi samstarfi á milli sveitarfélaga.	X				
	Nýsköpunardagur hins opinbera í samstarfi við FJR		X			
	Stafræn mál					
	Innleiða sjálfsgreiðsluferli fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hjá sveitarfélögum	X				
	Viðhald og áframhaldandi þróun á fjárhagsaðstoðarkerfinu.	X				
	Greining innviða vegna sameignlegs verkefnis sveitarfélaga gagnvart Microsoft, einfaldari skjalamála og rafrænna skila.	X				
	Námskeið fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur sveitarfélaga um stafræna umbreytingu (HR/Canvass)					X
	Undirbúningur stefnumörkunar um stafræna umbreytingu sveitarfélaga m.a. vegna landsþings 2022	X				
	Móta nánari umgjörð fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga og sameiginleg verkefni, bæði hvað varðar stjórnunarstrúktur og tæknilega innviði.	X				
	Microsoft verkefni	X				
	Einfaldari skjalamál	X				
	Rafræn skil	X				
	Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði		X			
	Spjallmenni			X		
	Þróa lausnatorg inn á vefsíðunni stafræn sveitarfélög	X				
	Samráðs- þekkingarviðburðir vegna stafræns samstarfs sveitarfélaga			X		
	Kanna uppbyggingu á þekkingartengslum um stafræna umbreytingu við norræn og jafnvel baltnesk systursambönd.		X			
	Undirbúningur að setningu tæknistefnu sveitarfélaga, grunnskortlagning m.a. Í ljósi reynslu af þróunarverkefnum sem eru komin af stað.	X				
	Koma á formlegum samstarfstengslum við FJM og SSR	X				
	Vinna að gagnalóni fyrir sambandið í samstarfi við hag-og upplýsingasvið	X				

Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs	Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs		Verkefni hefst:			
	Lýðræðismál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
	Vinna með starfshópi um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sbr. 8. tl. aðgerðaráætlunar Stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga.	x				
	Styðja við þróun nýrra námskeiða fyrir kjörna fulltrúa eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.	x				
	Þátttaka í umsókn um ESB-styrk til íbúasamráðs í tengslum við vinnu að innleiðingu heimsmarkmiðanna.	x				
	Skoða möguleika á aðgerðum til að auka kosningaþátttöku.	x				
	Vinna að framkvæmd aðgerðar 9, í aðgerðaáætlun með stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033, um lýðræðislegan vettvang.	x				
	Samstarf við ungmennaráð UMFÍ eða Samfés til að vinna að framgangi markmiða í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 um ungmennaráð.	x				
	Mannréttinda- og jafnréttismál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	
	Vinna með Jafnréttisstofu og Fjölmenningarsetri að fræðslu fyrir sveitarfélög um nýja gerð jafnréttisáætlana skv. nýjum lögum um stjórnáætlun jafnréttismála.	x				
Eftirfylgni vegna nýrrar framkvæmdaáætlunar í innflytjendamálum sem Alþingi mun vonandi ná að samþykkja.			x			
Til skoðunar að taka þátt í EES verkefni með portugölskum aðilum um kynjaða fjárhagsáætlunargerð.						
EES mál og önnur erlend samskipti	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.		
Framhald á starfi Brusselskrifstofunnar um að tengja saman mismunandi hagaðila um mótun umsókna um ESB styrki til grænna og snjallra verkefna sem gagnast sveitarfélögum.	x					
Fylgja eftir tillögu um Grænt og snjallt Ísland, GOS, í byggðaáætlun sem verður vonandi samþykkt af Alþingi.	x					
Halda áfram vinnu við að þátttöku sveitarfélaga í verkefnum sem eru fjármögðu af EES-uppbyggingarsjóðnum. Þrjú slík verkefni í pípunum.						
Halda áfram að styrkja regluleg samstarfstengsl forstöðumanns Brusselskrifstofu við sérfræðinga sambandsins, sem og við UAR vegna umhverfismála. Skoða uppbyggingu á hliðstæðu verklagi vegna stafrænna mála.						
3ja tilraun til að halda fund hér á landi í tengiliðahópi norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræðismál.		x				
Þátttaka í EES-verkefni um vefundi með Tartusvæðinu í Eistlandi og Agderfylkinu í Noregi um gerð loftlagsáætlana.						

Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs	Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs	Verkefni hefst:			
	Forvarnamál	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.
	Samráð og fundir með leikskólastjórnendum vegna aðgerðar B.2 um þróun námsefnis fyrir leikskóla.	x			
	Samráð og fundir með Stígamótum vegna aðgerðar C.5 um forvarnir í félagsmiðstöðvum.	x			
	Tengja saman forvarnaráætlun og farsældarlögin	x			
	Opnir samráðs- og kynningarfundir vegna forvarnaráætlunar. Fyrir stjórnendur og starfsmenn stofnana, fyrirtækja og aðra áhugasama.		x		
	Vinna að upplýsingabæklingi um forvarnaráætlunina.			x	
	Samráð og fundir með Jafnréttisstofu vegna aðgerðar D.5 um eflingu kynjafræðikennslu í framhaldsskólum.		x		
	Samráð og fundir með framhaldsskólum vegna aðgerða D.1, D.2. og D.3 um forvarnir í tengslum við heilsueflandi framhaldsskóla, fræðslu starfsfólks og þróun námsefnis.		x		
	Samráð og kynningarfundir með stjórnendum og starfsmönnum íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafélaga.		x		
	Unnið með Barna- og fjölskyldustofu að gerð gagnvirks netnámskeiðs.	x			
	Mat á árangri einstakra aðgerða.				x

